



Nefndasvið Alþingis  
b.t. fjárlaganefndar  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 6. maí 2024

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál**

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál.

### **Styrkjum framboðshlið hagkerfisins**

- SI fagna áherslum um að styrkja framboðshlið íslensks hagkerfis og hafa samtökin í fjölmörg ár lagt áherslu á þá málaflokka sem stuðla að því. Verðbólga er drifin áfram af eftirspurn annars vegar, meðal annars vegna fjölgunar landsmanna, aukningar ríkisútgjalda og vaxtar atvinnuvega, og ónægu framboði hins vegar til dæmis á húsnæðismarkaði og á vinnumarkaði. Aðgerðir stjórnvalda til að styrkja framboðshlið hagkerfisins munu gera aðilum starfandi á Íslandi kleift að skapa aukin verðmæti á hagkvæmari hátt.
- Stjórnvöld þurfa að róa öllum árum að því að styrkja framboðshlið hagkerfisins. SI vilja undirstrika að framboðshlið hagkerfisins er styrkt með umbótum í mennta- og mannauðsmálum, með því að brúa færnimisræmi (e. skills gap), hvötum til fjárfestinga í nýsköpun, innviðaupbyggingu og einföldu og skilvirku regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Tryggja þarf aukið framboð af grænni raforku til orkuskipta, fyrir vöxt samfélagsins og uppbyggingu í iðnaði um land allt, fjölga iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum.
- Öflugur iðnaður er undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Iðnaður stendur að baki verulegum hluta verðmætasköpunar í hagkerfinu, útflutningstekna Íslands og skatttekna hins opinbera. Skattspor iðnaðarins, þ.e. framlag iðnaðarins til samfélagsins í formi skattgreiðslna, er umfangsmikið sem endurspeglar hvað greinin er stór hér á landi. Nam heildarskattspor iðnaðar 462 mö.kr. árið 2022. Þröngt skattspor iðnaðarins er 213 ma.kr. og er það mest allra útflutningsgreina.

### **Starfsumhverfi**

- SI hvetja stjórnvöld til þess að beita sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi með markvissum aðgerðum og efla samkeppnishæfni Íslands. Hátt útgjaldastig ríkisins er áhyggjuefni og skort hefur aðhald í útgjöldum hins opinbera eftir heimsfaraldurinn. Mikilvægt er að nýta það tækifæri sem hagvöxtur gefur til þess að loka fjárlagagatínu en ekki auka útgjöld. Með aðhaldi er hægt að vinna á skuldum hins opinbera og leggjast á árar með Seðlabankanum og aðilum vinnumarkaðarins í að tryggja stöðugleika og forsendur lægri vaxta.
- SI hefðu viljað sjá í tillögunni skýra áætlun stjórnvalda um lækkun á opinberum álögum á næstu árum þar sem markmiðið væri að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, reglur einfaldar og skýrar og skattframkvæmdir fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar



og að gjaldtaka sé í samræmi við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.

- SI hafa gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir gullhúðun, þ.e. að hafa gengið lengra en þörf krefur og sett íþyngjandi ákvæði umfram þær lágmarkskröfur sem eru gerðar í EES-gerðum við heimfærslu í íslenskan rétt. Slíkt dregur úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum og þar með verðmætasköpun og tekjum hins opinbera til lengri tíma.

### **Samgönguinnviðir og húsnæðismarkaður**

- Uppsöfnuð viðhaldspörf samgönguinnviða á Íslandi nam 180-200 ma.kr. árið 2021 skv. skýrslu SI og FRV um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi. Síðan þá virðist staðan hafa versnað þannig að mun meira fjármagn þarf nú til viðhalds og endurbóta.
- SI lýsa ánægju með að auka eigi framlög til samgöngumála frá því sem áætlað var í síðustu fjármálaáætlun. En betur má ef duga skal. Þrátt fyrir mikilvægi sterkra vegasamgangna og fjárfestinga í vegakerfinu hefur ekki verið fjárfest nægjanlega í kerfinu undanfarin ár og viðhaldi þess ekki sinnt sem skyldi. Miðað við það sem fram kemur í fjármálaáætluninni virðist ekki ætla að verða breyting þar á á næstu árum.
- Hvetja þarf til mun meiri uppbyggingar íbúðarhúsnæðis. Tæplega helming verðbólgunnar um þessar mundir má skýra með hækkun húsnæðisverðs og hefur hlutur húsnæðis í verðbólgunni farið vaxandi undanfarið. Of fáar íbúðir hafa verið byggðar undanfarin ár miðað við þarfir landsmanna og þess vegna ríkir ójafnvægi á húsnæðismarkaði. Samdrátt í uppbyggingu íbúða núna má rekja til háa fjármagnskostnaðar og til lóðaskorts. SI telja að stjórnvöld þurfa að ráðist að rótum þess framboðsvanda sem nú er á húsnæðismarkaði með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og töfum, s.s. með auknu lóðaframboði.
- Auk aukins lóðarframboðs á vegum sveitarfélaga geta stjórnvöld haft jákvæð áhrif á framboðshliðina með veitingu hlutdeildarlána þar sem þau eru til þess fallin að styðja við framboðshlið húsnæðismarkaðarins, enda er lánveiting bundin við kaup á nýju húsnæði. Þá mótmæla SI ákvörðun stjórnvalda um lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 60% niður í 35%, sem tók gildi um mitt síðastliðið ár, þar sem sú aðgerð hefur leitt til samdráttar á uppbyggingu íbúða, þvert á yfirlýst markmið stjórnvalda.

### **Nýsköpun**

- Fjárfesting í rannsóknum og þróun (R&D) styrkir framboðshlið hagkerfisins og vilja SI því hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að styðja við fjárfestingu í R&D með skattahvötum. Leggja samtökin ríka áherslu á að skattahvatar vegna R&D verði festir í sessi til lengri tíma en fimm ára í senn en það mun gera fyrirtækjum kleift að gera langtímaáætlanir og skapa fyrirsjáanleika.
- SI fagna því að ekki séu boðaðar breytingar á þaki og hlutfalli skattfrádráttar vegna R&D í fjármálaáætlun og áframhaldandi stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki boðaður. Samtökin sýna fyrirætlunum um aukið eftirlit með framkvæmdinni skilning og óska eftir nánu samráði um þær breytingar.
- Skattahvatar R&D leiða til aukinnar verðmætasköpunar með því að auka fjárfestingar í nýsköpun í iðnaði. Leiðir sú fjárfesting til hærri framleiðni sem eflir og bætir lífskjör á Íslandi

### **Mennta- og mannauðsmál**

- Styrkja þarf framboðshlið hagkerfisins með því að auka framboð af iðn- og STEAM (e. Science, Technology, Engineering, Arts, Mathematics) menntuðu vinnuafli. Á sama tíma og skortur hefur verið á iðnmenntuðum á vinnumarkaði á síðustu árum hefur um



600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi samanlagt á haust- og vorönn, ár hvert. Meginástæðurnar fyrir synjun á námsplássi eru skortur á fjármagni og viðeigandi húsnæði.

- SI fagna því að stjórnvöld hyggjast hraða uppbyggingu verknámsskóla um allt land og styðja við uppbyggingu á nýjum Tækniskóla. Rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takti við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi. SI kalla eftir fjármögnum áætlunum þess efnis.
- Eftirspurn eftir STEAM sérfræðimenntuðu fólki í hugverkaiðnaði kallar á aðgerðir. Stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði innan raða Samtaka iðnaðarins vænta þess að fjölga starfsfólki fyrirtækja sinna um 77% á næstu fimm árum samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins í febrúar 2024. Niðurstöðurnar benda til að fjölga þurfi í greininni um a.m.k. 9 þúsund á tímabilinu. Til skemmi tíma þarf að fá fleiri alþjóðlega sérfræðinga til landsins og greiða þarf götu þess enn frekar.

### **Orkumál og loftslagsmál**

- SI fagna þeim áherslum í fjármálaáætlun sem snúa að fjárfestingum í framleiðslu og dreifingu raforku til að mæta vaxandi þörf vegna vaxtar samfélagsins og orkuskipta. SI hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið. SI kalla eftir fjármögnum vegvísi um orkuskipti.
- SI taka undir mikilvægi þess að tryggja fjármögnun í innviðum raforkukerfisins, frá orkuöflun til afhendingar, til að tryggja markmið áætlunarinnar um áherslur í orku- og umhverfismálum sem og orkuskiptum.
- SI leggja áherslu á að gagnsæi ríki um það hvernig innheimt umhverfisgjöld eru raunverulega nýtt til grænna fjárfestinga og nýsköpunar.
- SI telja mikilvægt að festa í sessi græna hvata og að gjöld sem fyrirtæki eru að greiða fyrir losunarheimildir skili sér til fjárfestinga í nýsköpun og öðrum umbótaverkefnum sem draga úr losun.


## Iðnaður skapar stóran hluta lífskjara á Íslandi og skatttekna hins opinbera

Öflugur iðnaður er undirstaða góðra lífskjara á Íslandi. Iðnaður stendur að baki stórum hluta verðmætasköpunar í hagkerfinu, útflutningstekna Íslands og skatttekna hins opinbera. Vegna umfangs greinarinnar í íslensku efnahagslífi skiptir það þjóðarbúið, þ.m.t. hið opinbera, verulegu máli hvernig iðnaðurinn þróast. Innan iðnaðar starfar fjölbreytt flóra fyrirtækja sem eru samofin öllum sviðum efnahagslífsins. Fyrirtækin eru lítil og stór, í rótgrónum og nýjum iðngreinum og með starfsemi um allt land. Þessi fjölbreytileiki er mikill styrkur sem felur í sér meiri stöðugleika og aukna vaxtarmöguleika fyrir hagkerfið í heild.

Hagkerfið hefur vaxið hratt síðustu ár eða frá lokum heimsfaraldurs. Hefur ríkið notið góðs af þessu. Stóran hluta hagvaxtarinnar má rekja til vaxtar iðnaðar. Má í þessu sambandi nefna að í iðnaði starfa nú um 49 þúsund manns sem er ríflega 23% af heildarfjölda starfandi í hagkerfinu. Skýrir fjölgun starfandi í greininni um fjórðung af heildarfjölgun starfandi í hagkerfinu yfir síðustu 3 ár eða síðan hagkerfið byrjaði að taka við sér eftir heimsfaraldurinn. Er þetta vísbending um að beint framlag greinarinnar til hagvaxtar á tímabilinu sé umtalsvert.


Framlag iðnaðar til lífskjara hér á landi má mæla með ýmsum hætti. Skattspor iðnaðarinnar, þ.e. framlag iðnaðarinnar til samfélagsins í formi skattgreiðslna, er umfangsmikið sem endurspeglar hvað greinin er stór hér á landi. Nam heildarskattspor iðnaðar 462 mö.kr. árið 2022 samkvæmt niðurstöðum Reykjavík Economics en Samtök iðnaðarinnar (SI) fengu fyrirtækið til þess að reikna skattspor iðnaðarinnar fyrir árið 2022 með sambærilegum hætti og hefur verið gert fyrir aðrar atvinnugreinar. Þröngt skattspor iðnaðarinnar er 213 ma.kr. og er það stærst allra útflutningsgreina.<sup>1</sup> Til samanburðar nam þröngt skattspor ferðaþjónustunnar 92 mö.kr. og sjávarútvegsins 85 mö.kr. árið 2022. Heildarskattspor iðnaðarinnar hefur stækkað síðustu ár en það nam 370 mö.kr. árið 2020 á verðlagi ársins 2022.

**Þröngt skattspor atvinnugreina**  
Í milljörðum króna árið 2022



### Þröngt skattspor greina iðnaðar

Í milljörðum króna á verðlagi ársins 2022



<sup>1</sup> [Skattspor iðnaðar 462 milljarðar, 19. mars 2024](#)

Skattspor einstakra greina iðnaðarins er umtalsvert. Þannig var þröngt skattspor hugverkaiðnaðar 77 ma.kr. árið 2022 og hefur það farið hratt vaxandi á síðustu árum enda greinin í mikilli sókn og er greinin nú orðið ein af fjórum meginstoðum útflutningstekna þjóðarbúsins. Nam útflutningur greinarinnar 265 mö.kr. í fyrra og hafði þá fimmfaldast á 15 árum. Af öðrum greinum iðnaðar nam þröngt skattspor framleiðsluiðnaðar 75 ma.kr. árið 2022 og byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar 61 ma.kr.

### Útflutningstekjur 2023



Hið stóra skattspor iðnaðar endurspeglar þá staðreynd að umfang iðnaðar er mikið í íslensku efnahagslífi en iðnaður stendur undir 26% verðmætasköpunar hagkerfisins en verðmætasköpun greinarinnar nam 972 mö.kr. á síðastliðnu ári. Hluttur greinarinnar í verðmætasköpun hagkerfisins hefur verið að aukast síðustu ár. Ljóst er að virðisæðja iðnaðarins hefur mikil og jákvæð áhrif á starfsemi fyrirtækja fyrir utan greinina. Vægi greinarinnar í landsframleiðslu og þar með skatttekjum hins opinbera er því meira en ofangreindar tölur um hlutdeild í landsframleiðslu og skattspor sýna ef óbein áhrif greinarinnar eru tekin með.

Það er óhugsandi að Ísland gæti skapað þau lífsgæði sem eru hér á landi í dag án útflutnings. Íslendingar flytja inn mikið af því sem þarf til neyslu og fjárfestinga og því þarf útflutning. Útflutningur er því forsenda góðra lífskjara hér á landi. Iðnaðurinn er stærsta útflutningsgreinin en á síðasta ári aflaði iðnaður 699 mö.kr. í útflutningstekjur eða sem nemur 38% af

heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins, mest allra útflutningsgreina. Er iðnaðurinn þannig stærsta útflutningsgreinin ólíkt því sem fram kemur í þingsályktunartillögum.<sup>2</sup> Útflutningstekjur greinarinnar hafa aukist mikið á síðustu árum en þær fóru í fyrsta sinn yfir 300 ma.kr. árið 2010.

### Starfsumhverfi fyrirtækja

SI fagna áherslum á þætti sem styrkja framboðshlið hagkerfisins. Þannig efla stjórnvöld samkeppnishæfni Íslands og skapa forsendur fyrir aukinni framleiðni sem skilar sér í auknum lífsgæðum landsmanna ásamt því að leggja grunn að lægri verðbólgu og vöxtum.

SI hvetja stjórnvöld til að beita sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi með markvissum aðgerðum til að efla samkeppnishæfni. Nýlega gáfu SI út skýrslu með 26 umbótatillögum sem snúa að því hvernig stjórnvöld geta eftt samkeppnishæfni og auka þannig framleiðni og verðmætasköpun íslensks iðnaðar til hagsbóta fyrir landsmenn.<sup>3</sup>

SI fagna því sem fram kemur í fjármálaáætluninni að ríkisstjórnin ætli að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr verðbólguþrýstingi í hagkerfinu og skapa þannig skilyrði fyrir lægri vöxtum og auknum stöðugleika. Er það jákvætt í þessu sambandi að samkvæmt áætluninni á afkoma ríkissjóðs og hins opinbera að batna umfram það sem leiðir beint af efnahagsuppsveiflunni. Með þeim hætti leggjast stjórnvöld á áramnar með Seðlabankanum og aðilum vinnumarkaðarins að ná verðstöðugleika en þó verðbólgan hafi lækkað undanfarið er hún enn of mikil. Mikilvægt er að stöðugleika sé náð með sem minnstum efnahagslegum tilkostnaði.


<sup>2</sup> Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, bls. 22

<sup>3</sup> [Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi, Samtök iðnaðarins ágúst 2022](#)



Í þessu sambandi er það áhyggjuefni að samanburður við önnur lönd sýnir hátt útgjaldastig og skort á aðhaldi hjá hinu opinbera hér á landi eftir heimsfaraldurinn.<sup>4</sup> Mikilvægt er að nýta það tækifæri sem hagvöxturinn gefur til þess að loka fjárlagagatinu en ekki auka útgjöld. Með aðhaldi er hægt að vinna á skuldum hins opinbera og styðja við aðgerðir Seðlabankans og aðila vinnumarkaðarins í að tryggja stöðugleika og forsendu lægri vaxta. SI fagna þeirri viðleitni sem finna má í framlagðri áætlun um að fjármagna skuli aukin útgjöld með hagræðingu og forgangsroðun fjármuna. Það er hins vegar áhyggjuefni hversu stór hluti hagræðingar er enn óútfærð sem grefur undan trúverðugleika áætlunarinnar.

Miklar sveiflur hafa verið í verðbólgu og vöxtum undanfarið ár sem skerðir lífskjör þjóðarinnar með því að gera rekstur heimila og fyrirtækja ótryggari.<sup>5</sup> Háir stýrivextir eru íþyngjandi fyrir fyrirtæki og heimili og kostnaður vegna þrálátrar verðbólgu er mikill. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur brugðist við verðbólgunni með verulegri hækkun stýrivaxta. Við þessar aðstæður er mikilvægt að huga að öðrum stjórntækjum og sérstaklega þeim sem hið opinbera hefur til að hvetja framboðshlið hagkerfisins til vaxtar.



Þrátt fyrir að verðbólgan hafi lækkað nokkuð undanfarið er hún enn of há og verðbólguvæntingar of háar. Verðbólgan nú er að stórum hluta til komin vegna mikillar hækkunar á húsnæðisverði. Tæplega helming verðbólgunnar má skýra með hækkun húsnæðisverðs og hefur hlutur húsnæðis í verðbólgunni farið vaxandi undanfarið. Húsnæðisverð hefur lækkað hratt síðustu misseri vegna misvægi í framboði og eftirspurn á þeim markaði. Stór þáttur í því er að of fáar íbúðir hafa verið byggðar. Stjórnvöld þurfa að ráðast að rótum þess vanda með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og töfum s.s. með auknu lóðaframboði. Vikið er nánar að stöðu húsnæðismarkaðar síðar í þessari umsögn.

SI fagnar því einnig að meginmarkmiði fjármálaáætlunarinnar sé að bæta afkomu hins opinbera svo að hún geti stuðlað með sjálfbærum hætti að lækkun skuldahlutfalla. Er það í samræmi við markmið núverandi fjármálastefnu. Leið vaxtar; að veita atvinnulífina svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf er farsælasta leiðin í þessum efnum. Verðmætasköpun sem byggir á öfluglu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara og sjálfbærni í opinberum rekstri.

<sup>4</sup> [Álitsgerð Fjármálaráðs um tillögu til bingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029](#)

<sup>5</sup> Peningastefnan og margvíslega áhrif hennar, Gylfi Zoega, prófessor í hagfræði við HÍ, Vísbanding maí 2024



Nýleg hagsveifla í íslensku hagkerfi undirstrikar mikilvægi fjölbreytts efnahagslífs fyrir stöðugleika og hagvöxt. Hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er líklegra til að verða fyrir höggi með tilheyrandi sveiflum og því þarf að fjölga stöðum útflutnings. Í því ljósi er mjög jákvætt að sjá vöxt hugverkaiðnaðar á síðustu árum en hugverkaiðnaður er nú fjórða stoð útflutnings á Íslandi og gæti orðið sú stærsta ef rétt er á málum haldið. Drifkraftur frumkvöðla hefur þar farið saman við veigamiklar umbætur stjórnvalda í þágu nýsköpunar. Stjórnvöld hafa því mikilvægu hlutverki að gegna við að búa upprennandi útflutningsgreinum líkt og hugverkaiðnaði samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Mikilvægt er að stjórnvöld haldi áfram á þessari braut og festi í sessi það hvatakerfi nýsköpunar sem tekið hefur verið upp hér á landi.

Til að ná fram hagkvæmu starfsumhverfi þarf að stilla álögum á fyrirtæki í hóf og beita efnahagslegum hvötum. Með því að létta álögum af fyrirtækjum má auka hagkvæmni í rekstri þeirra og þannig stuðla að aukinni fjárfestingu og verðmætasköpun. Hagkvæmt starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni og styðji við efnahagslega velsæld landsmanna.

Um 41% verðmætasköpunar íslenska hagkerfisins rennur til stjórnvalda í formi skatta og gjalda. Hlutfallið er hátt í alþjóðlegum samanburði. Álögur hins opinbera á fyrirtæki og heimili í landinu í formi skatta og gjalda eru því miklar í samanburði við flest önnur ríki. Samkvæmt fjármálaáætluninni mun þetta hlutfall haldast í 41-42% á tíma áætlunarinnar. Hefðu SI viljað sjá þetta hlutfall lækka og að í áætluninni kæmi fram stefna stjórnvalda um hvernig það ætti að gera. SI hefði í því sambandi viljað sjá áætlun um lækkun á opinberum álögum á tímabili fjármálaáætlunarinnar þar sem markmiðið væri að styrkja með þeim hætti samkeppnishæfni atvinnulífsins. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, reglur einfaldar og skýrar og skattframkvæmdin fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.

Lykilforsenda þess að íslenskt atvinnulíf dafni og samkeppnishæfni þess aukist er að fyrirtæki starfi í skilvirku starfsumhverfi þar sem regluverk er skýrt og eftirlit hóflegt. Þannig skapast svigrúm til að fjölga störfum og sækja tækifæri út fyrir landsteinana til að ná í nauðsynlegar útflutningstekjur. Til mikils er að vinna að einfalda kerfið með sameiningu og fækkun ríkisstofnana og ná þannig fram hagræðingu.

SI hafa í þessu sambandi gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir gullhúðun þ.e. að hafa gengið lengra en þörf krefur við innleiðingu Evrópugerða. Gullhúðun dregur úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum, dregur úr innlendra verðmætasköpun þeirra og þar með tekjum hins opinbera. Samtökin fagna skipan starfshóps utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun og telja tímabært að horft verði til samkeppnishæfni Íslands við hvers kyns lagasetningu, hvort sem um ræðir innleiðingu á regluverki Evrópusambandsins í gegnum EES, eða séríslensk lög. Ráðast þarf í stóratök við einföldun regluverks í þágu aukinnar samkeppnishæfni Íslands og meiri verðmætasköpunar sem er grundvöllur bættra lífskjara landsmanna.

Lög og regluverk um starfsemi iðnfyrirtækja hafa orðið meira íþyngjandi á síðustu árum samkvæmt könnun sem Maskína framkvæmdi fyrir SI í upphafi þessa árs.<sup>6</sup> Könnunin var lögð fyrir stjórnendur iðnfyrirtækja innan raða SI. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja 77% stjórnenda iðnfyrirtækja að lög, regluverk og eftirlit um starfsemi þeirra fyrirtækja hafi aukist á síðustu 10 árum. Ekki nema 2% segja að það hafi minnkað. Einnig kemur fram í könnuninni að mikilvægt sé að einfalda regluverk um rekstur iðnfyrirtækja. Samkvæmt niðurstöðunum

<sup>6</sup> [Regluverk og eftirlit hefur aukist mikið, greining SI, janúar 2024](#)

segja 65% stjórnenda iðnfyrirtækja að það skipti miklu fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að reglugerðarumhverfi verði einfaldað. Aðeins 14% segja það skipta litlu eða alls engu máli.

## Samgönguinnviðir


Fjárfesting í efnislegum innviðum styrkir framboðshlið hagkerfisins og leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyristekjum. Með fjárfestingum í innviðum er búinn til grunnur aukinna tekna ríkissjóðs sem leiðir til þess að ná jöfnuði að nýju í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, fjölgar störfum og dregur úr sóuðum tíma í töfum fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni skilar sér síðan í lægri vöxtum og minna atvinnuleysi. Síðast en ekki síst er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Vegasamgöngur eru okkur afar mikilvægar sem þjóð. Vegakerfið myndar lífæðar samfélagsins og er stór þáttur í verðmætasköpun hagkerfisins og öflun útflutningstekna. Þrátt fyrir mikilvægi hefur ekki verið fjárfest nægjanlega í kerfinu undanfarin ár og viðhaldi þess ekki sinnt sem skyldi.

SI lýsa ánægju sinni með að auka eigi framlög til samgöngumála frá því sem áætlað var í síðustu fjármálaáætlun. Aukningin er annars vegar til Betri samgangna vegna viðauka við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og hins vegar aukning til nýframkvæmda, viðhalds og vettarþjónustu á vegakerfinu. Er framlag til nýfjárfesting og viðhalds í vegaframkvæmda aukið um 3 ma.kr. á árinu 2025 og fer stigvaxandi á tíma fjármálaáætlunar og nemur aukningin 6 mö.kr. á árinu 2029 líkt og kemur fram í áætluninni.

En betur má ef duga skal. Í skýrslu SI og FRV um ástand innviða kemur fram að uppsöfnuð viðhaldspörf innviða eða viðhaldsskuld sé um 430 ma.kr.<sup>7</sup> Með viðhaldsskuld er átt við hvað þarf til að koma viðkomandi þætti innviða í gott ástand. Mest er viðhaldsskuldin í vegakerfinu. Þar sem hún er metin 160-180 ma.kr.

### Viðhaldspörf og áætlað viðhald í þjóðvegakerfinu Í miljörðum kr.



Einnig er umtalsferð skuld í nýfjárfestingum í vegakerfinu. Umferð hefur vaxið verulega vegna mikillar fólksfjölgunar og aukins fjölda ferðamanna. Einnig hafi þungaflutningar um vegi

<sup>7</sup> [Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur, SI 2021](#)




landsins aukist til muna. Umferð um þjóðvegi landsins hefur aukist um 67% yfir síðustu 10 ár en vegakerfið hefur ekki vaxið til samræmis við aukninguna.

SI lýsa yfir ánægju með að í þessari fjármálaáætlun sé lögð áhersla á forgangsröðun, hagræðingu og að nýta fjármuni betur. Forsendur forgangsröðunar verkefna á sviði samgöngumála og ekki síst í vegakerfinu hafa oft á tíðum verið mjög óljósar. Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila. Leggja þarf áherslu á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Mikilvægt er að birta niðurstöður slíkra útreikninga þannig að ljóst sé á hvaða forsendum forgangsröðunin byggir.

SI lýsa jafnframt ánægju sinni með að leiðarljós fjármálaáætlunarinnar sé að stöðva hækkun á skuldum hins opinbera. Þarf þó að gæta að því að ekki myndist nú viðlíka ástand og á árunum eftir efnahagsfallið 2008 þar sem litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald innviða. Mikil skuldasöfnun varð þá í formi vaxandi þarfar fyrir viðhald og nýfjárfestingar í innviðakerfinu sem var velt yfir á framtíðarkynslóðir og kom niður á samkeppnishæfni og verðmætasköpun hagkerfisins.

### Skatttekjur af ökutækjum og fjárveiting til þjóðvegakerfisins

Hlutfall af VLF



Nýta þarf samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða og flýta þannig þjóðhagslega arðbærri fjárfestingu á þessu sviði. Lög voru sett um samvinnuverkefni árið 2020 þar sem Vegagerðinni var verið veitt heimild til að ráðast í 6 samvinnuverkefni. Nú fjórum árum eftir setningu laganna hefur ekkert þeirra orðið að veruleika sem samvinnuverkefni. Mikilvægt er að lært sé af reynslu þessara laga og gera þær breytingar sem þarf til að þessi leið geti betur nýst til að virkja þá krafta sem felast í samvinnu hins opinbera og einkaaðila á þessu sviði.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að nýtt framtíðartekjuöflunarkerfi vegna umferðar og orkuskipta verði mótað og innleitt á kjörtímabilinu. Í forsendum nágildandi fjármálastefnu og í þessari fjármálaáætlun kemur fram að stefnt skuli að því að tekjur af ökutækjum og eldsneyti verði 1,7% af landsframleiðslu. Er það aukin gjaldtaka frá því sem



verið hefur allt frá árinu 2017 en í áætluninni er rætt um að færa gjaldtökuna til þess sem var á því ári. Rífja má upp í því sambandi að árið 2017 fóru rétt tæplega helmingur af mörkuðum tekjum af umferð til vegagerðar og hafði þá um langt skeið ekki nema hluti tekna af umferð farið til vegagerðar. Skýrir það hluta þá miklu innviðaskuld sem safnast hefur fyrir á þessu sviði. SI leggja áherslu á að ef af þessari auknu gjaldtöku verði hún einvörðungu nýtt til uppbyggingar og viðhald á vegakerfinu þar sem þörfin er umtalsverð og innviðaskuldin stór.

## Húsnæðisuppbygging

Uppbygging íbúðarhúsnæðis liggur fyrst og fremst í höndum fyrirtækja í byggingar- og mannvirkjagerð sem hafa til þess fjárfest í dýrum búnaði og verðmætu starfsfólki. Getu þau hvort heldur byggt á eigin lóð eða verið uppbyggingaraðilar á vegum annarra lóðarhafa. Tryggja þarf góð og stöðug starfsskilyrði þessara fyrirtækja, svo þau hafi kost á því að mæta fyrirbyggjandi þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu og markmiðum sem nú eru að finna í tillögu að þingsályktun um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 509. mál.

Mikill og alvarlegur húsnæðisskortur blasir við hér á landi á sama tíma og starfsumhverfi verktaka er þungt sökum aukins kostnaðar og hækkun vaxta. Það sem fyrirtækin þurfa fyrst og fremst er stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi, gott aðgengi að hæfu starfsfólki og að nægt framboð sé af lóðum til uppbyggingar. Stjórnvöld geta þó lagt sitt af mörkum til að höggva á þann alvarlega hnút sem til staðar er með því að beita verkfærum sem að ýta undir framboðshlið húsnæðismarkaðarins.

Í þessu sambandi benda samtökin á góða raun hlutdeildarlána en þau fela í sér stuðning ríkis til tekju- og eignaminni aðila til að fjárfesta í eigin húsnæði. Á þessu ári voru gerðar jákvæðar breytingar á reglugerð um hlutdeildarlán sem voru helst þær að hámarksverð íbúða var uppfært, tekju- og eignarmörk hækkuð og úthlutunartímabilum fjölgað. Leiddu umræddar breytingar til jákvæðrar uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði þar sem aukning varð á úthlutun lánanna og sýndu þannig mikilvægi úrræðisins, sér í lagi á tímum þar sem tekju- og eignaminni eiga erfiðara um vik að eignast húsnæði. Hlutdeildarlán eru til þess fallin að styðja við framboðshlið húsnæðismarkaðarins þar sem þau hafa hvatt til kaupa nýrra íbúða og losað þannig fjármagn hjá verktökum til frekari íbúðauppbyggingar.

Þegar kemur að starfsumhverfi greinarinnar er ljóst að miklar verðhækkningar og auknar álögur hægja verulega á uppbyggingunni en gera má ráð fyrir að kostnaður við byggingu meðalíbúðar hafi hækkað um rúmar 7 m.kr. frá gerð rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um húsnæðisuppbyggingu sem undirritaður var 12. júlí 2022 fram á mitt ár 2023 og er hækkunin enn meiri nú. Eðli máls samkvæmt er byrjað á byggingu færri íbúða við þessar aðstæður, þvert á þarfir landsmanna. Við þessu verður að bregðast.

Hér ber að nefna að einn af þeim kostnaðarliðum sem hafa leitt til hækkunar á byggingarkostnaði er aukin skattlagning á húsnæði sem fólst í lækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna úr 60% í 35%.<sup>8</sup> SI mótmæla umræddri lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem kom fram í síðustu fjármálaáætlun og tók gildi um mitt síðastliðið ár. Aðgerðin var að mati samtakanna illa ígrunduð og byggð á röngum forsendum. Umrædd breyting hækkaði kostnað við húsnæðisbyggingar og kemur þannig til viðbótar við aðra þætti sem draga úr hvötum til uppbyggingar sbr. hækkun vaxta, hækkun á verði aðfanga, hærri launakostnaðar og óvissu í hagkerfinu. Verðbólga á Íslandi er há m.a. vegna þess ójafnvægis

<sup>8</sup> [Áframhaldandi samdráttur í byggingu nýrra íbúða, greining SI, janúar 2024](#)



sem ríkt hefur á húsnæðismarkaði undanfarin ár sem stafar ekki síst af því að of lítið hefur verið byggt á undanförunum áratug miðað við eftirspurn. Aðgerðin dregur úr uppbyggingu íbúða sem hefur áhrif á markaðinn eftir 2-3 ár að teknu tillit til framkvæmdatíma sem er að jafnaði um 2 ár.

Samtökin telja nauðsynlegt að stjórnvöld hækki aftur endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts, vegna vinnu við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, í þeim tilgangi að hvetja til frekari virkni á framboðslið húsnæðismarkaðarins og reyna þannig að sporna gegn alvarlegum framboðsvanda markaðarins sem nú blasir við.

## Mennta- og mannauðsmál

Styrkja má framboðshlið hagkerfisins með því að auka framboð af iðn- og STEAM menntuðu vinnuafli. Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði síðustu árin og hefur innlent menntakerfi ekki náð að mæta mannauðsþörf þess vaxtar. Í könnun sem gerð var meðal aðildarfyrirtækja SI nýlega kom fram að það er skortur á starfsfólki í 41% iðnfyrirtækja um þessar mundir.<sup>9</sup> Mest er vöntun á iðnmenntuðu starfsfólki en einnig er umtalsverður skortur á STEAM menntuðum. Lítið til næstu ára er ljóst að mikil þörf er fyrir iðnmenntuðu vinnuafli. Sem dæmi þurfa fyrirtæki í rafíðnaði að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum.<sup>10</sup>

Á sama tíma og skortur hefur verið á iðnmenntuðum á vinnumarkaði á síðustu árum hefur um 600-1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi samanlagt á haust- og vorönn, ár hvert.<sup>11</sup> Meginástæður fyrir synjun á námsplássi eru skortur á fjármagni og viðeigandi húsnæði.<sup>12</sup> Í því samhengi fagna SI því að mennta- og barnamálaráðuneytið sé nú með í undirbúningi stækkun við helstu iðnskóla landsins. SI hvetja stjórnvöld til þess að hraða uppbyggingu verknámsskóla um land allt og flýta uppbyggingu á nýjum Tækniskóla. Einnig þarf að tryggja fjármögnun rekstrar Garðyrkjuskólans á Reykjum. SI kalla eftir fjármögnuðum áætlunum um stækkanirnar.

SI kalla eftir því að námi í kvikmynda- og kvikmyndatækni verði tryggt fjármagn en fjármögnun Kvikmyndaskólans (á fjórða hæfnisþrepi) og kvikmyndatæknináms Rafmenntar á (3. hæfnisþrepi) er ekki tryggð í fjármálaáætlun. Nemendur með hæfni og færni úr þessu námi eru undirstaða ört vaxandi kvikmyndaiðnaðar héraendis.

SI kalla eftir auknu samstarfi við stjórnvöld og skólasamfélagið um að hvetja fleiri til náms í iðngreinum og í STEAM greinum auk þess að sameinast um aðgerðir til að draga úr brottfalli þannig að fleiri útskrifist úr þessum greinum.

Ein leið til þess að efla umræddar greinar er að nýta menntatæknilausnir í skólakerfinu. Menntatæknilausnir eru nýskapandi lausnir þar sem markmiðið er að menntakerfið þróist í takt við þarfir samfélagsins. Þessar lausnir hafa unnið til verðlauna erlendis og eru þar að bæta menntunarstig, mæta inngildingum og efla tungumál. STEAM, iðn- og tæknigreinar er undirstaða nýsköpunar og samstarfið þarf að byrja snemma, GERT verkefnið hefur verið undirstaða þess að kynna STEAM, iðn- og tækninám inn í grunnskólum landsins.

<sup>9</sup> [Stjórnendur iðnfyrirtækja bjartsýnni á þróun efnahagsmála, greining SI, apríl 2024](#)


<sup>10</sup> [Fyrirtæki í rafíðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja á næstu fimm árum, greining SI, febrúar 2024](#)

<sup>11</sup> [600-1.000 vísað frá þegar fleiri þurfa að ljúka iðnnámi, greining SI, nóvember 2023](#)

<sup>12</sup> [Skortur iðnskóla á fjármagni og viðeigandi húsnæði veldur skorti á iðnmenntuðum, greining SI, desember 2023](#)


Stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði innan raða Samtaka iðnaðarins vænta þess að fjölga starfsfólki fyrirtækja sinna um 77% á næstu fimm árum samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins.<sup>13</sup> Niðurstöðurnar benda til að fjölga þurfi í greininni um a.m.k. 9 þúsund á tímabilinu. Til skemmri tíma þarf að fá fleiri erlenda sérfræðinga til landsins. Það þarf að stórliðka fyrir komu erlendra sérfræðinga, með einföldun ferla og jákvæðum hvötum en samkeppnin um erlenda sérfræðinga á þessu sviði hefur harðnað á síðustu tveimur árum. Erlendir sérfræðingar sem ráðnir eru til starfa hér á landi geta átt rétt á frádrætti frá tekjum sínum fyrstu þrjú árin frá ráðningu í starf, en nágrannalönd okkar hafa aukið afsláttinn upp í 5-7 ár til að vera ráðandi í samkeppni um sérfræðinga á markaðinum. Til þess að hamla ekki vexti í tækni og hugverkaiðnaði þarf að grípa til aðgerða því í sömu könnun kom fram að 63% stjórnendur fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði telja að íslenskt menntakerfi muni ekki mæta þeim hæfnikröfum sem fyrirtækin þurfa á næstu fimm árum.

**Starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði**  
Byggt á svörum fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni



SI hvetja stjórnvöld til þess að auka verulega framlög í Vinnustaðanámssjóð. Við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 100% hærrí en þau eru í ár ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum. Á upphafsári sjóðsins 2012 var upphæð 20.000. kr. á viku á hvern starfsnema sem fyrirtæki fengu fyrir að þjálfva. Sú upphæð hefur farið lækkandi eftir því sem nemendum hefur fjölgað. Árið 2022 var upphæðin til úthlutunar komin niður í 7.800 krónum á viku fyrir hvern nemanda sem viðkomandi fyrirtæki/stofnun tók á samning. Í fjármálaáætluninni kemur fram að framlög haldast óbreytt. Að lokum hvetja SI stjórnvöld að tryggja fjármögnun Nemastofu en hún hefur verið án fjármögnunar síðan 2023. Verkefni Nemastofu atvinnulífsins er stuðla að fjölgun faglærðs starfsfólks í atvinnulífi m.a. með að fjölga fyrirtækjum og iðnmeisturum sem bjóða nemum vinnustaðanám, efla kennslu og þjálfun iðnnema á vinnustað og almennt stuðla að auknum gæðum í iðnnámi.

**Telur þú að innlent menntakerfi muni mæta færniþörf þíns fyrirtækis lítið til næstu fimm ára?**




## Nýsköpun

Eitt mikilvægasta og áhrifamesta tæki ríkisins til að hafa áhrif á framtíðarhagvöxt og verðmætasköpun eru skattahvatar vegna rannsókna og þróunar (R&D). Hafa umræddir skattahvatar nú þegar sannað gildi sitt en heildarjárfesting í R&D sem hlutfall af landsframleiðslu jókst úr 2% í 2,8% frá árinu 2018 til 2021. Árið 2022 var hlutfallið 2,66%.

<sup>13</sup> [Vænta 77% fjölgunar starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði á næstu fimm árum, greining SI, febrúar 2024](#)



Meirihluti þess fjármagns kemur frá fyrirtækjum, þ.e.a.s. einkaaðilum. Í úttekt OECD frá árinu 2023 á kerfi skattahvata vegna R&P kom fram að þeir hefðu haft jákvæð áhrif á umfang og afkomu fyrirtækja í hugverkaiðnaði, leitt til fjölgunar verðmætra starfa og tryggt betri launakjör fyrir starfsfólk.<sup>14</sup> Að mati OECD er þetta jákvæð þróun þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma litið helst í hendur við fjárfestingu í R&P.



SI hafa nú þegar gert tvær greiningar á áhrifum aukinna skattahvata á fjárfestingu í R&P en báðar staðfestu þær að auknir skattahvatar höfðu strax áhrif á ákvarðanatöku í atvinnulífinu og leiddu til aukinna fjárfestinga í R&P en þess má geta að meirihluti útgjalda fyrirtækja vegna R&P er launakostnaður sérfræðinga. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar hafa tvöfaldað á síðastliðnum fimm árum og námu árið 2022 um 240 milljörðum kr. Mikill framtíðarvöxtur er í kortunum í greininni en auðlind hugverkaiðnaðar er fyrst og fremst nýsköpun sem á rætur að rekja til fjárfestinga í R&P. Framleiðni í hugverkaiðnaði er há og skapar greinin þannig hálaunastörf. Að þessu sögðu fagna SI því að ekki eru boðaðar breytingar á þaki og hlutfalli skattfrádráttar vegna R&P í fjármálaáætlun og áframhaldandi stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki er boðaður. Samtökin styðja aukið eftirlit með framkvæmdinni og óska eftir nánú samráði um þær breytingar. Vert er að benda á að yfir 90% af framlögum ríkisins vegna R&P renna til fyrirtækja í iðnaði sem endurspeglar þá staðreynd að nýsköpun á sér fyrst og fremst stað í iðnaði þó afrakstur hennar sé hagnýttur í flestöllum atvinnugreinum og sviðum samfélagsins.

Í greiningu SI frá október 2023 kemur einnig fram að skattahvatar R&P leiði til aukinnar verðmætasköpunar með því að auka fjárfestingar í nýsköpun í iðnaði. Leiðir sú fjárfesting til hærri framleiðni sem eflir og bætir lífskjör á Íslandi.<sup>15</sup> Fjárfesting í R&P styrkir framboðshlið hagkerfisins og vilja SI því hvetja stjórnvöld áfram á þeirri vegferð að styðja við fjárfestingu í R&P. Leggja samtökin ríka áherslu á að skattahvatarnir verði festir í sessi til lengri tíma en fimm ára í senn en það mun gera fyrirtækjum kleift að gera langtímaáætlanir og skapa fyrirsjáanleika.

## Orku- og umhverfismál

<sup>14</sup> [Evaluating the effects of the R&D tax credit in Iceland, OECD, 2023](#)

<sup>15</sup> [Skattahvatar rannsóknar og þróunar auka framleiðni og bæta lífskjör, greining SI, október 2023](#)



Næstu ár verða mjög krefjandi þegar kemur að orkumálum á Íslandi. Bruni jarðefnaeldsneytis hefur aukist samhliða vexti hagkerfisins og skerðingum á afhendingu raforku. Framboð raforku, eða í það minnsta uppsett afl, mun ekki aukast fyrr en að 4-5 árum liðnum og fram að því verður skortur sem mun hafa ýmsar birtingarmyndir eins og skerðingar á afhendingu og hugsanlegar verðhækkanir. Hér eins og á öðrum sviðum þurfa stjórnvöld að styrkja framboðshlið hagkerfisins með því að greiða fyrir aukinni raforkuöflun.

SI fagna áherslum í fjármálaáætlun sem snúa að fjárfestingum í framleiðslu og dreifingu raforku til að mæta vaxandi þörf vegna vaxtar samfélagsins og orkuskipta. SI hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið. SI hafa því ítrekað kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda um að beita öllum tiltækum ráðum til að ráðast að rót vandans. Stöðugt og tryggt framboð raforku er grunnur að atvinnu- og byggðarþróun sem og verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt. Þá vísast einnig til innviðaskýrslu SI frá árinu 2021 þar sem umfjöllun er um ástand raforkuinnviða, s.s. raforkuvinnslu, og framtíðarhorfur í þeim málaflokki. Þar kemur skýrt fram mikilvægi þess að samfella sé í afgreiðslu virkjanakosta í gegnum rammaáætlun og Alþingi.<sup>16</sup> Auk þess er ein grunnforsendan að jafnvægi sé til staðar á markaðnum svo fyrirtæki í raforkuvinnslu nái áfram að sinna mikilvægu viðhaldi. Of miklar sveiflur í stefnu stjórnvalda gætu raskað þessu jafnvægi. SI taka því heilshugar undir framangreindar áherslur ríkisstjórnar.

Því næst vísa SI til umfjöllunar um umhverfis- og loftslagsmál í fyrirbyggjandi fjármálastefnu en umfjöllun um framlög til þessa málaflokks er m.a. að finna á bls. 68 og 17. kafla sem og í skýringum við rammagrein 5. Hvað þann málaflokk varðar ítreka SI mikilvægi þess að tryggja fjármögnun aðgerða sem munu hafa skírskotun til boðaðrar endurskoðunar á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. SI benda einnig á í því samhengi að á liðnu ári birtu SI ásamt öðrum samtökum innan vébanda Samtaka atvinnulífsins metnaðarfulla geiranálgun þessara samtaka á sviði umhverfis- og loftslagsmála, sbr. Loftslagsvegvisar atvinnulífsins.<sup>17</sup> Var sú vinna unnin í náinni samvinnu við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti enda rík skörun á milli aðgerðar í þessum vegvísun sem og áðurnefndrar áætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. Er því um að ræða sameiginlegt hagsmunamál atvinnulífs og stjórnvalda á því sviði. SI ítreka því mikilvægi þess að í fjármálaáætlun stjórnvalda sé fullt tillit tekið til þess að tryggja framgang þeirra verkefna sem nauðsynleg eru til að ná bættum árangri á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Þannig er t.a.m. mikilvægt að efla og styrkja þá grænu hvata, s.s. opinbera sjóði eða skattalega hvata, sem nauðsynlegir eru til að ná settum markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi.

Þá ítreka SI í þessu samhengi fyrri ábendingar samtakanna um mikilvægi þess að tryggja gagnsæi hvað varðar innheimt umhverfisgjöld og hvort og hvernig þeir fjármunir eru raunverulega nýttir til nýsköpunar og grænna fjárfestinga. Að mati samtakanna er verulega úrbóta þörf til að bæta úr þeim ágalla að umhverfisgjöld renni ekki beint til þessara verkefna til að skapa traust til þess að umrædd gjöld séu sannarlega nýtt í grænar fjárfestingar. Vísa samtökin hér máli sínu til stuðnings til ábendinga í skýrslu OECD frá árinu 2019 þar sem segir, á bls. 35, eftirfarandi: „*To address distributional concerns, to avoid an unwarranted increase in the tax burden and to overcome political economy obstacles, CO2-tax proceeds could partially or fully be reimbursed to businesses and citizens, as done in Switzerland*“. Enn eru tækifæri til að auka á skýrleika á milli innheimtra umhverfisgjalda og hvernig þeim er ráðstafað og skora

<sup>16</sup> [Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur, SI 2021](#)

<sup>17</sup> [Loftslagsvegvisar atvinnulífsins, 2023](#)



samtökin á stjórnvöld að bæta þar úr og tryggt verði að innheimt gjöld, s.s. vegna sölu á ETS-heimildum eða gjaldtöku kolefnisgjalda, renni aftur til atvinnulífs í formi hvata eða styrkja á sviði umhverfis- og orkumála og tryggi þannig framgöngu þeirra mála á því sviði sem lagt er upp með í fyrirbyggjandi drögum að áætlun.

Ítreka samtökin að loftslagsvandinn er hnattrænn í eðli sínu en ekki staðbundinn. Ef raunverulegur árangur á að nást þá þurfa allir að sitja við sama borð. Það gerir aðeins illt verra að hrekja gjaldskylda framleiðslu, m.a. vegna kolefnisgjalda sem lögð hafa verið á framleiðslu áls og raforku, frá t.a.m. Evrópu til Kína, Indlands eða Mið-Austurlanda þar sem losunin er margfalt meiri. Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda taki mið af þessum raunveruleika og metnir verði kostir og gallar þess kerfis sem nú er við lýði.

Hvað varðar tilvísun um orkuskipti í fyrirbyggjandi stefnu ítreka SI einnig fyrri ábendingar á þá vegu að þó tækniframþróun sé hröð í þessum efnium er það ekki svo að stærri ökutæki, vinnuvélar og sum iðnaðartæki geti nýtt endurnýjanlega orkugjafa eins og sakir standa. Orkuskipti eru því ekki raunhæfur kostur sem stendur á öllum sviðum, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu, og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru að óbreyttu hverfandi. Auknar álögur á atvinnulífið og hvatar sem fyrirtæki hafa ekki möguleika á að fylgja eftir eru í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands.

### **Efnahagslegur ávinningur endurgreiðslukerfis í kvikmyndaframleiðslu**

Í fjármálaáætlun er fjallað um íslenska kvikmyndagerð. Bent er réttilega á að víða liggja tækifæri í þeirri grein. Það endurspeglir mikilvægi þess að framtíðarútflytningur Íslands byggi á í auknum mæli á tækni og hugviti. Íslensk kvikmyndagerð hefur verið í miklum vexti á síðustu árum og er tekið fram í fjármálaáætlun að hver króna sem ríkið setji í endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hafi skilað sér í tæplega sjö krónum fyrir íslenskt efnahagslíf.

SI telur því mikilvægt að fjárheimildir vegna endurgreiðslu kvikmyndagerðar endurspeglir enn fremur umfangið. Eins og fram kemur í úttekt Olsberg SPI, um efnahagsleg áhrif endurgreiðslukerfis í kvikmyndagerð á Ísland, sem menningar- og viðskiptaráðuneytið birti í byrjun apríl 2024 þá hafa framleiðsluverkefni í kvikmyndagerð haft í för með sér umtalsverð efnahagsleg áhrif. Áætlað er að á tímabilinu 2019-2022 hafi endurgreiðsluhæf framleiðsluverkefni í kvikmynda- og sjónvarpsgerð verið á bilinu 9,7-28,9 milljörðum króna á Íslandi á hverju ári. Einnig er tekið fram í þeirri skýrslu að efnahagsleg umsvif þeirra verkefna sem hlutu endurgreiðslur á því tímabili hafi numið tæpum 240 milljörðum króna.

SI fagna því að stjórnvöld hafa lagt áherslu á frekari vöxt greinarinnar og hafi sýnt vilja í verki með fjárukningu. Núverandi endurgreiðslukerfi kveður ekki á um skilyrði um sérstakt umsóknartímabil né fjárhæð og verður það að teljast einn af helstu styrkleikum íslenska endurgreiðslukerfisins og gerir það samkeppnishæft á alþjóðavísu. SI áréttar þó að samkeppnin er mikil og undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð og töluvert lægri en raun ber vitni. Vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu hafa verið mun hærri en fjárlög kveða á um. Því hafa endurgreiðslur vegna útgefinna vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæðir hafa náð þaki fjárhæða sem um er getið í fjárlögum. Vanáætlun stjórnvalda hefur orðið til þess að endurgreiðslur hafa ítrekað tafist og skapað mikla óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný. Samtökin leggja til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna verði



hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra ára. Þannig myndu stjórnvöld stuðla að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Hannesson'.

---

Sigurður Hannesson

framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Ingólfur Bender'.

---

Ingólfur Bender

aðalhogfræðingur Samtaka iðnaðarins